

Yumak og Sadak gegn Tyrklandi

Dómur frá 30. janúar 2007

Mál nr. 10226/03

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Kosningalöggjöf. Lágmarksatkvæðafjöldi.

1. Málsatvik

Kærendur, Mehmet Yumak (f. 1962) og Resul Sadak (f. 1959), eru tyrkneskir ríkisborgarar og búsettir í Şırnak í Tyrklandi. Yumak er sjálfstætt starfandi en Sadak er bæjarstjóri í Idil. Ágreiningurinn í málinu varðaði tyrknesk kosningalög, en þau mæla fyrir um það að flokkur þurfi að fá minnst 10% atkvæða á landsvísu við þingkosningar til að fá þingsæti. Í þingkosningum sem fram fóru hinn 3. nóvember 2002 voru kærendur frambjóðendur fyrir Lýðræðisflokk fólksins, DEHAB. Úrslit kosninganna voru þau að DEHAB hlaut 45,95% atkvæða í Şırnak-héraði en náði ekki 10% atkvæða á landsvísu. Þeim þremur þingsætum sem tilheyrðu héraðinu var því úthlutað til flokka sem fengu mun minna fylgi í héraðinu en DEHAB.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að með því að setja slíkar skorður við því hverjir fengju sæti á landsþinginu væri brotið gegn 3. gr. 1. samningsviðauka við sáttmálann.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að lagaákvæðið um að flokkur þyrfti 10% atkvæða á landsvísu hefði verið kynnt frambjóðendum nokkuð löngu fyrir kosningarnar. Þeim hefði því átt að vera ljóst að næði flokkur þeirra ekki því marki gildi einu hve stóran hluta atkvæða þeir fengju í kjördæmi sínu. Þá féllst dómstóllinn á það að markmið reglunnar væri að koma í veg fyrir að of margir flokkar ættu sæti á þingi og að styrkja stöðu ríkisstjórnarinnar en óstöðugleiki hefði verið í Tyrklandi á 8. áratugnum. Tekið var fram að þessi 10% þröskuldur væri hár og án nokkurra reglna sem væru til þess fallnar að leiðrétta stöðuna. Eftir kosningarnar 2002 væru raunar 45,3% kjósenda án fulltrúa á þingi. Hins vegar sýndi skoðun á úrslitum kosninga frá því 10% lágmarksreglan var tekin upp, að reglan ein og sér kæmi ekki í veg fyrir stofnun og framgang nýrra stjórnmálaafli. Þá voru tekin til skoðunar þau rök tyrkneska ríkisins að markmið reglunnar væri í raun að gefa minni flokkum kost á að festa sig í sessi á landsvísu. Hvað þetta varðaði viðurkenndi dómstóllinn að hann væri ekki bær til þess að koma fram með lausn sem mundi lagfæra annmarka tyrkneska kosningakerfisins. Tyrknesk yfirvöld væru best til þess fallin að meta hvaða fyrirkomulag hentaði best. Á hinn bóginn virtist 10% markið í Tyrklandi með því hæsta sem þekktist. Dómstóllinn tók fram að gott væri að lækka þetta mark, þó án þess að ógna stöðugleika í þinginu. Hins vegar þyrfti að gefa tyrkneska ríkinu svigrúm til að ráða fram úr þessu. Þá var tekið fram að núverandi fyrirkomulag hefði þegar sætt gagnrýni og að leiðir til úrbóta væru til skoðunar, jafnt á þingi sem utan þess. Enn fremur hefði stjórnlagadómstóll í Tyrklandi strax árið 1995 bent á að finna yrði milliveg milli þeirra tveggja hagsmuna er rákust á í málinu, þ.e. réttláts vægis atkvæða annars vegar og stöðugleika í stjórnun landsins hins vegar.

Það var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 3. gr. 1. samningsviðauka. Tveir dómarar skiluhu séráliti.